

## Starfsreglur samráðsteyma við leikskóla Hafnarfjarðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 584/2010

Reglurnar taka gildi frá 1. september 2012 og gilda þar til nýjar reglur hafa verið samþykktar

Starfsreglurnar skiptast í fimm meginþætti, þ.e. hlutverk, skipan, fundi, málavísan og málsafgreiðslu samráðsteymis hvers leikskóla sem hér segir:

### 1. Hlutverk samráðsteyma

Meginhlutverk samráðsteyma er að gæta hagsmuna barna í leikskólanum, vernda þau og styðja með því að:

- Taka við öllum tilvísunum vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning eða aðstoð vegna líkamlegra, félagslegra og/eða sálrænna erfiðleika.
- Samræma og samhæfa þjónustu leikskóla við börn sem eiga við náms-, hegðunar og/eða tilfinningalega örðugleika að etja.
- Meta þörf fyrir greiningu sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, sérkennara) vegna tilfinninga- og/eða þroskavanda og samþykkja að gerð verði tilvísun þar sem það á við.
- Ræða málefni leikskólabarna sem þarfnast sértækra úrræða eða tilvísanir til sérfræðinga sem ekki tilheyra stoð-/sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Vísa málefnum einstakra barna til frekari úrlausnar innan leikskóla eða í önnur úrræði sem leikskóli hefur.
- Vinna og afgreiða tilkynningar og aðrar upplýsingar til barnaverndaryfirvalda í samræmi við skyldur vegna barnalaga og barnaverndarlaga.
- Vera til samráðs vegna einstakra barna við aðila utan leikskólans, svo sem félagsþjónustu, heilsugæslu, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Proska- og hegðunarstöð (PHS), Heyrnar- og talmeinafyrirvalda (HTÍ), o.fl.
- Hafa yfirsýn með og fara reglulega yfir stöðu mála sem vísað hefur verið til samráðsteymis.
- Vera samráðsaðili við gerð árlegrar forvarnaráætlunar leikskóla.

### 2. Seta í samráðsteymi

Í samráðsteymi leikskóla skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar leikskóla (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri) og fulltrúi þeirrar deildar sem málið varðar. Fulltrúar geta verið fleiri óski leikskólastjóri þess. Fundarfært er í samráðsteymi ef 2/3 af föstum fulltrúum þess eða fleiri mæta á fund. Ef ágreiningur er um afgreiðslu máls gildir meirihluti atkvæða og standi á jöfnu gildir atkvæði leikskólastjóra sem odda atkvæði. Sérkennslufulltrúi og fulltrúi barnaverndaryfirvalda frá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, tengiliður leikskóla, skulu boðaðir á fund ráðsins a.m.k. tvisvar á ári. Heimilt er að kalla aðra inn á fundi ráðsins til að ræða einstök mál, s.s. leikskólakennara, leiðbeinanda, utanaðkomandi sérfræðinga og foreldra.

[Type text]

### 3. Um samráðsteymisfundi

*Samráðsteymi hefur fastan fundartíma og fundir eru að lágmarki einu sinni í mánuði*

- Skylt er að boða til fundar í teyminu innan viku æski tveir fulltrúar ráðsins þess.
- Leikskólastjóri, eða fulltrúi hans, undirbýr fundi samráðsteymis og ákveður dagskrá.
- Leikskólastjóri, eða fulltrúi hans, ákveður hver stýrir fundum teymisins.
- Skrá skal í fundargerð öll mál sem berast teyminu, allar ákvarðanir og ábyrgð með framkvæmd þeirra. Fundargerð er varðveitt sem trúnaðargagn á ábyrgð leikskólastjóra.
- Á hverjum fundi skal fara yfir fundargerð síðasta fundar.

### 4. Vísan mála

- Samráðsteymi fjallar um mál einstakra barna í leikskólanum, sem þurfa aðstoð t.d. vegna fötlunar, sjúkdóms, hegðunar eða félagslegra erfiðleika. Samráðsteymi fjallar einnig um foreldrasamskipti og málefni einstakra deilda, er tengjast barnahópum eða starfsmönnum.
  - Málum skal vísað skriflegt til samráðsteymis á sérstökum tilvísanaeyðublöðum.
  - Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar útbýr tilvísanaeyðublöð og leikskólinn kynnir fyrir starfsfólki og foreldrum hvar þau er að finna. Á tilvísanaeyðublöðum skal koma fram ítarleg lýsing á málefni og hvers óskað er og hvað gert hefur verið í viðkomandi máli.
  - Að jafnaði skal upplýsa þá er málið varðar bréflaga (tölvupóstur, bréfpóstur) um að málinu hafi verið vísað til ráðsins (upplýsingar um það koma fram á tilvísunareyðublöðum). Sérfræðipjónustan útbýr form fyrir það bréf.

### 6. Afgreiðsla mála

*Við afgreiðslu mála í teyminu er hagur skjólstæðinga þess hafður að leiðarljósi og gætt jafnræðis og meðalhófs í samræmi við lög.*

- Samráðsteymið skal taka fyrir mál sem vísað er til þess eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að skrifleg beiðni berst.
- Samráðsteymið ákveður hvort leita þurfi frekari gagna, hvort máli er vísað til sérfræðipjónustu sveitarfélags eða hvaða aðrar leiðir skuli fara við úrlausn máls.
- Fulltrúar í samráðsteymi eru bundnir þagnarskyldu um allt er varðar persónuupplýsingar um skjólstæðinga teymisins. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna lögum samkvæmt og eru réttþærri en þagnarskylduákvæði.
- Tilkynna skal þeim er vísar máli til samráðsteymis um afgreiðslu þess.
- Í lok skólaárs skal leikskólastjóri gefa yfirlit um starfsemi samráðsteymis skólans til sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Þar skal meðal annars koma fram fjöldi teymisfunda, fjöldi mála sem komu til kasta þess, kynjaskipting mála, aldursdreifing og tegundir mála. Sérfræðipjónustan útbýr sérstakt form fyrir þá skráningu.

[Type text]

## SAMRÁÐSTEYMISTILKYNNING

Tilkynning til foreldra/ forráðmanna

Tölvupóstur til foreldra þegar mál barns þess kemur fyrir í fyrsta skipti í leikskólateymi á viðkomandi skólaári eða þegar nýtt mál kemur upp og er greinilega ekki framhald máls sem þegar er hafið.

Hafnarfirði, xxxx

Merki
skóla

Til foreldra / forráðamanna barns \_\_\_\_\_ deild \_\_\_\_\_

Í samræmi við ákvæði í reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og samráðsteymi í leikskólum nr. 584/2010 tilkynnist hér með að málum barns ykkar hefur verið vísað til umfjöllunar í samráðsteymi leikskólans.

Ástæða tilvísunar:

Hlutverk samráðsteymis „... er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við skjólstæðinga varðandi ráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera leikskólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við leikskólabörn. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra barna og forvarnarstarfs.“  
(Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.)

Frekari upplýsingar veitir undirrituð.

\_\_\_\_\_  
Nafn og starfsheiti

[Type text]